

Nd.

761. Nefndarálit

[275. mál]

um frv. til laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að það verði samþykkt, en minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, leggur til að það verði fellt.

Umsögn barst frá Verslunarráði Íslands þar sem segir m. a.:

Verslunarráðið telur framkomið frumvarp um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála ekki til bóta frá gildandi lögum og er frumvarpinu andvígt. Hins vegar telur Verslunarráðið, að það væri stórt skref í framfaraátt, ef takast mætti að koma því skipulagi á þessi mál, er síðasta viðskiptaþing lagði til og gerði samþykktir um.“

Meðal tillagna, sem samþykktar voru á Viðskiptaþingi, var að gjaldeyrisverslun skyldi vera frjáls, innflutningsfrelsi því aðeins takmarkað, með reglugerð eða sérstökum lögum, ef nauðsyn ber til vegna viðskiptasamninga við aðrar þjóðir, útflutningsleyfa verði aðeins krafist vegna útflutnings sjávarafurða, aðgangur atvinnulífsins að erlendu fjármagni yrði rýmkaður.

Tilgangur breytinga á skipan gjaldeyris- og viðskiptamála í framangreinda átt er: að gera íslenska krónu jafnverðmikla erlendum gjaldeyri, efla innlenda fjármála-stjórn með erlendri samkeppni í lánsfjárbjónustu og ávöxtun fjár, gera innflutningsversluninni kleift að bæta lífskjör þjóðarinnar með auknu framboði á ódýrari vörum, leggja grundvöll undir frjáls og sjálfstæð útflutningsfyrirtæki.

Þetta er sú frjálsræðisstefna, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fylgt og nýlega mótað ljósum orðum í ályktun um efnahagsmál og Landsfundarályktun.

Frumvarp þetta kann að einhverju leyti að stefna í frjálsræðisátt, en í svo veigamiklum atriðum gengur það gegn stefnu Sjálfstæðisflokksins, að hann getur ekki stutt það. Nægir þar að nefna þær heimildir, sem veittar eru gjaldeyriseftirliti „til að kanna reikninga og bókhald, svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir“, eins og segir í 6. gr. frv. Með slíku ákvæði er gjaldeyriseftirliti veitt heimild, sem hingað til hefur þurft að fá gegnum dómstóla. Ákvæði sem þetta er hins vegar í fullu samræmi við hugsjónir sumra þingmanna, sem styðja núverandi ríkisstjórn, um lögregluríkið.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, lýsir minni hluti nefndarinnar fullri andstöðu við frumvarpið.

Alþingi, 15. maí 1979.

Ólafur G. Einarsson,  
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.